

**5. fundur**  
**Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2019**  
**haldinn í Jörundarstofu í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 7. júní 11:00-12:30**

*Fundargerð*

**Mætt:**

Valgerður Sverrisdóttir – formaður, Ólafur Garðar Halldórsson – Samtökum atvinnulífsins, Marianna Traustadóttir – ASÍ, Geir Gunnlaugsson – Háskóla Íslands, Atli Viðar Thorstensen – Rauða krossinum á Íslandi, Ragnar Schram – SOS Barnaþorpum, Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandinu, Bjarni Gíslason – Hjálparstarfi kirkjunnar, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir – Sjálfstæðisflokkur og Birgir Þórarinnsson - Miðflokkur.

Fundinn sátu að auki:

Fanney Karlsdóttir, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu, Áslaug Karen Jóhannsdóttir, sérfræðingur í utanríkisráðuneytinu og Ólafur Sigurðsson, deildarstjóri í utanríkisráðuneytinu.

Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn), og Erna Reynisdóttir (Barnaheill) tilkynntu forföll. Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkur), Logi Einarsson (Samfylkingu) og Steinunn Þóra Árnadóttir (Vinstri hreyfingunni grænu framboði) voru fjarverandi.

Nefndarritari: Ragnheiður Kolsöe

Fundur settur 11:09

1. Fundur settur.

Formaður bauð nefndarfulltrúa velkomna á 5. fund nefndar á árinu. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án athugasemda. Formaður kynnti gesti fundarins Fanneyju Karlsdóttur og Áslaugu Karen Jóhannsdóttur.

2. Kynning á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og verkefnastjórn.

Áslaug Karen, sérfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu og fulltrúi í verkefnastjórn heimsmarkmiðanna kynnti markmiðin og aðgerðir stjórnvalda. Kom fram í máli Áslaugar að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SD) tóku við af þúsaldarmarkmiðunum. Samningaferlið tók þrjú ár og tók Ísland fullan þátt. Útkoman varð sautján markmið með 169 undirmarkmiðum. Markmiðin byggja á þremur stöðum sjálfbærrar þróunar: efnahagslegri, félagslegri og umhverfislegri. Ólíkt þúsaldarmarkmiðunum þá eru heimsmarkmiðin algild og eiga við innan sem utan landsteinanna. Sérstök áhersla er lögð á að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir.

Öll ráðuneyti, Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) koma að verkefnastjórninni. Fyrsta verkefnið var að greina stöðuna á Íslandi. Þar á eftir fór fram forgangsörðun og voru 67 markmið sett í forgang. Búið er að tengja ferlið fjárhags- og fjármálaáætlunum. Mælingar eru í höndum Hagstofu Íslands. Mikið er lagt upp úr kynningarmálum. Haldnar hafa verið tvær herferðir auk viðhorfskannanna. Kannanir sýna að þekking Íslendinga á markmiðunum hefur farið ört vaxandi. Einnig er verið að hanna gátt fyrir heimsmarkmiðin sem hefur gefist vel í Finnlandi. Ekki má gleyma ungmennaráðinu sem fundar sex sinnum á ári þar af einu sinni með ríkistjórninni.

Samstarf og samráð er mikilvægt og hefur SÍS samþykkt að vinna markvisst að kynningu markmiðanna. Almannheill sér um kynningu við félagasamtök og Festa um kynningu við atvinnulífið. Komið var á fót samstarfssjóði í utanríkisráðuneytinu vegna samstarfsverkefna í þróunarsamvinnu.

Forsætisráðherra kynnr fyrstu landrýnisskýrslu Íslands í júlí í ár á árlegum ráðherrafundi í New York vegna heimsmarkmiðanna. Tveir fulltrúar ungmennaráðsins verða með í för. Mælt er til þess að hvert þjóðríki framkvæmi landrýni þrisvar á heimsmarkmiðatímabilinu til 2030.

Fanney sérfræðingur í forsætisráðuneytinu og formaður verkefnastjórnar stjórnvalda nefndi að kynningarmálin væru tímafrek. Stöðuskýrslan frá 2018 nýttist við kortlagningu auk þess sem skýrslan skilgreindi ábyrgð ráðuneyta á undirmarkmiðum. Eins og kom fram í máli Áslaugar var 67 markmiðum forgangsraðað sem þarfnast eftirfylgni og stöðutöku. Ísland hefur náð sumum markmiðum nú þegar, jafnlaunavottunin er dæmi um það, en stendur hallari fæti á öðrum sviðum og þarf að taka sig á. Einnig þarf að varast mótverkandi áhrif einstaka markmiða.

Nefndarfulltrúar voru allir sammála um að það bæri að taka heimsmarkmiðinn alvarlega. Þetta væri góður leiðarvísir og gæti aukið samvinnu ólíkra aðila. Minnst var þó á að markmiðin næðust þó ekki nema að þjóðríki stæðu við sýnar þróunarsamvinnuskuldbindingar og takmörk.

### 3. Úttekt á þróunarsamvinnu Íslands.

Nefndarmenn sammæltust um að það yrði sett í hendur starfsfólks þróunarsamvinnuskrifstofu að vinna úttekt á opinberri þróunarsamvinnu Íslands. Áherslan yrði á að greina hversu mikill hluti opinberrar þróunarsamvinnu skilar sér ár hvert til Íslands, til að mynda til háskóla Sameinuðu þjóðanna og íslenskra sérfræðinga. Auk þess yrði að taka saman kostnaðinn við flóttamenn og hælisleitendur.

Einnig var lögð áhersla á mikilvægi þess að greina hversu mikið skilaði sér til fátækustu landanna í ljósi þess að yfirlýst markmið íslenskrar þróunarsamvinnu er að a.m.k. 20% renni þangað. Ítrekað var að útgjöld yrðu að samræmast yfirlýstum áherslum.

Nefndarmenn voru sammála um að nálgast yrði málefnið á gagnrýnan en jafnframt uppbyggilegan hátt.

Úttektin verður lögð fyrir 6. fund nefndarinnar 13. september næstkomandi. Ef úttektin þætti ekki svara spurningum nefndarmanna fyllilega gæti komið til þess að farið yrði fram á að óháð úttekt yrði framkvæmd í framhaldinu.

### 4. Starfsáætlun haustsins.

Málefni haustfunda voru ákveðin.

#### **6. fundur:**

- 1) úttekt á opinberri þróunarsamvinnu Íslands kynnt;
- 2) samstarfsáætlun í tvíhliða samstarfslöndum;
- 3) kynning á þriðju áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi;
- 4) friðargæslukynning.

#### **7. fundur:**

- 1) frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands;
- 2) málefni og vinna í gegnum DAC;
- 3) málefni Global Partnership for Effective Development Co-operation (GPEDC) & málefni Nordic+;
- 4) #2 fundur með ráðherra (með fyrirvara um að ráðherra komist á tilteknum degi).

#### **8. fundur, nóvember:**

- 1) fjármálaáætlun 2020;
- 2) skólar HSP á Íslandi: nýtt fyrirkomulag;
- 3) stefnumið í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu.

6. fundur var festur föstudaginn **13. september**, 7. fundur föstudaginn **18. október** og 8. fundur föstudaginn **15. nóvember**. Sammælt var um að fundirnir yrðu haldnir frá **11:00 til 12:30**. Eins var beðið um að fundarboð yrðu send út sem fyrst og fylgiskjöl og lokadagskrá fylgdu síðar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 12:35.